

dómsmennirnir Jóhann Ólafsson forstjóri og dr. Þorsteinn Þorsteinsson fyrrum hagstofustjóri.

D ó m s o r ð :

Stefnda, Skipaútgærð ríkisins, greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 5068.96 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1951 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1956.

Nr. 191/1955. **Ákærvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson)

gegn

Þorsteini Rúti Bjarnasyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Fjárhættuspil.

Dómur Hæstaréttar.

Fésekt á hendur ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 8000.00 til ríkissjóðs, og komi fangelsi 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undan falla heitfestingu vitna, eftir því sem efni voru til.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorsteinn Rútur Bjarnason, sæti fangelsi 60 daga og greiði 8000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Reynis Péturssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1955.

Ár 1955, laugardaginn 19. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5662/1955: Ákærvaldið gegn Þorsteini Rúti Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Með ákæruskjali, út gefnu 20. júlí s.l., er Þorsteinn Rútur Bjarnason, Laugavegi 28, hér í borg, ákærður fyrir að hafa frá því um áramót 1953 og 1954 og fram til loka þess árs, 1954, gert sér fjárhættuspil að atvinnu í húsakynnum sínum að Laugavegi 28, hér í bæ, aflað sér tekna af því og hvatt menn til þátttöku í fjárhættuspílinu, en brot þessi teljast varða við 183. og 184. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 30. marz 1911, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

- 1942 9/3 Kærður fyrir meint brot á lögum um sölu mjólkur og rjóma. Engin sök sannaðist.
- 1943 5/7 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 61. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.
- 1944 14/4 Rvík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 61. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.
- 12/7 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir að sinna ekki stöðvunar-merki lögregluþjóns.
- 1946 29/3 Rvík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 43. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur og 7. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Háustið 1954 bárust rannsóknarlögreglunni fregnir um, að fjárhættuspil færu fram í herbergi ákærða á Laugavegi 28. Báru nokkrir menn það, að þeir hefðu spilað þar við ákærða poker upp á peninga. Hófust dómpróf út af þessu hinn 25. nóvember. Kannaðist ákærði þegar við það, að hann hefði um alllangt árabíl gert töluvert að því að spila fjárhættuspil, og að undanfögnu hefði verið nokkuð um það, að spilað væri heima hjá honum. Hefði það hafizt upp úr síðustu áramótum (þ. e. 1953—1954).

Hann kvað eigi spilað daglega, heldur svona einu sinnu eða tvisvar í viku, fremur fyrri hluta viku. Allmargir menn hefðu komið þessara erinda til sín. Stundum spyrðu 10—20 manns á kvöldi eftir sér. Hann kvað stundum vera spilað kaution, en langoftast poker, og þá með þeim hætti, að hann héldi pott og tæki úr hverjum spiluðum potti 5—10 krónur, eftir því hve hátt væri spilað, hvort spilað væri 5—10—50 eða 10—20—100, sem kallað er. Fengi hann þetta sem þóknun, en auk þess spilaði hann sjálfur, og gæti hann ýmist grætt eða tapað á því eftir atvikum. Veltuna á spilunum kvað ákærði allmikla, og gæti maður grætt eða tapað, svo skipti þúsundum á kvöldi. Um upphæð þóknunar sinnar úr pottunum sagði hann, að hún gæti numið 10—1500 kr. á kvöldi, ef um sæmilegt „game“ væri að ræða. Þess væri að gæta, að hann yrði að leggja gestum sínum til hressingu, öl, kaffi, sígarettur. Áfengi veitti hann hins vegar eigi. Hann kveður þessi útgjöld geta numið verulegri upphæð. Kveður hann ómögulegt að standa undir þeim, nema gegn því að fá þóknun úr pottum. Hann kvaðst á umræddu tímabili hafa haft nokkrar tekjur af spilamennsku sinni, en á árum fyrr hefði hann verið búinn að tapa miklu fé í spilum. Hann kvaðst ekki hafa haft aðrar tekjur, enda sé heilsu sinni svo háttað, að hann þoli illa vinnu. Aldrei kveðst ákærði hafa gert neitt til þess að hvetja menn til að koma og spila, enda virðist þess ekki þörf.

Tólf menn, sem spilað hafa hjá ákærða, hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Verða framburðir þeirra nú raktir, þó aðeins stuttlega, enda rekast þeir eigi á framburð ákærða sjálfs.

Jón Pétursson Einarsson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað 3—4 sinnum hjá ákærða haustið 1954, alltaf poker upp á 5—10—50, nema máské einu sinni 10—20—100. Allmargir hafi verið þarna við spil. Jón kveðst eigi hafa orðið þess var, að ákærði tæki neina þóknun úr pottinum. Ásgeir Ólafsson innheimtumaður kveðst hafa komið alloft til spila, helzt veturinn 1953—4, en þann vetur hafði spilamennska hafizt þarna. Oftast hafi verið spilaður poker upp á 5—10—50, en stundum 10—20—100. Hafði ákærði þá tekið, eftir því sem við átti, 5 eða 10 kr. úr hverjum potti. Margt gesta hafi komið þarna. Ekki kveður Ásgeir hafa verið spilað þarna daglega, hafi hann stundum hitt svo á, er hann hafi komið, að engir hafi verið að spila. Ásgeir kveður ákærða veita öl og sígarettur og stundum áfengi, en þó sjaldan. — Þórarinn Hinriks-son bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað nokkrum sinnum, en ekki oft. Hafi verið spilaður poker, ýmist 5—10—50 eða 10—20—100, og hafi ákærði þá tekið úr hverjum potti 5 eða 10 kr. Hann hafi

hins vegar ýmis útgjöld af þessu, enda sé hann greiðugur við gesti sína. — Sveinn Bergmann Bjarnason bifreiðarstjóri kveðst hafa komið nokkrum sinnum til ákærða til að spila, enda virðist sér, að oftast sé hægt að koma þangað þeirra erinda. Sé oft spilað þarna næturlangt og fram á morgun og sé margt um manninn. Poker sé spilaður, ýmist 5—10—50 eða 10—20—100, og taki ákærði þóknun úr pottum með þeim hætti, er í poker tíðkast. Hann veiti gestum öl og sigarettur og stundum áfengi, og verði þarna stundum fyllirí. Hannes Ágústsson kaupmaður kveðst stundum hafa spilað hjá ákærða poker seint á vetri og vori 1954, og hafi sér virzt spilað þarna að staðaldri, þó ekki daglega. Hafi ákærði tekið 5 eða 10 kr. úr hverjum potti. Stundum hafi verið þarna mikil aðsókn gesta. — Björn Ársælsson kveðst stundum hafa spilað hjá ákærða með þeim hætti, er að framan er rakið, og kveður hann hafa verið mikla aðsókn til ákærða og sér virzt, að spilað væri hjá honum að staðaldri og oft næturlangt og fram á morgun. Ákærði veiti öl og tóbak og áfengi stundum. — Magnús Gunnar Guðmundsson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað hjá ákærða 3—4 sinnum haustið 1954. Hafi poker verið spilaður upp á 5—10—50, að hann minnir. Eitthvað hafi ákærði tekið úr pottunum. — Aðalsteinn Stefánsson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað hjá ákærða nokkrum sinnum um vorið og nokkrum sinnum um haustið 1954. Hafi ákærði jafnan verið við, er hann hafi komið í þessu skyni. Oftast sé spilaður poker á 5—10—50, en komið hafi fyrir, að spilað hafi verið 10—20—100. Ákærði hafi eitthvað tekið úr pottunum. Þorsteinn Sigurðsson bifreiðarstjóri kveðst nokkrum sinnum hafa spilað hjá ákærða, fyrsta sinn sumarið 1954, venjulega poker upp á 5—10—50, en einu sinni 10—20—100. Þorsteinn segir, að komið hafi fyrir, að hann hafi komið að lokuðu hjá ákærða. Erlendur Jónsson Erlendsson bifreiðarstjóri kveðst stundum hafa spilað hjá ákærða. Hafi þá verið spilaður poker, ýmist 5—5—25, 5—10—50 eða 10—20—100. Ákærði hafi stundum tekið úr pottum, þó ekki alltaf. Núi Skjaldberg Jónsson bifreiðarstjóri kveðst hafa spilað hjá ákærða poker upp á 5—10—50 nokkrum sinnum, og hafi ákærði tekið 5 kr. úr hverjum potti. — Loks skýrir Guðbjartur Kristján Árnason sjómaður svo frá, að hann hafi 3 eða 4 sinnum spilað heima hjá ákærða. Hafi verið spilaður poker, ýmist 5—10—50 eða 10—20—100, eftir því hvernig stemningin hafi verið. Hafi þá ákærði tekið eftir atvikum 5 eða 10 kr. úr hverjum potti. Guðbjartur kveðst einu sinni hafa tapað 5000 kr. í spilum á einni nóttu, en það sé þó óvenjulega mikið tap.

Eftir að rannsókn var hafin í máli þessu og ákærði hafði mætt í málinu, bárust fregnir um, að ákærði héldi áfram að láta spila hjá sér. Var ákærði að nýju kvaddur fyrir dóm 15. desember og játaði þá, að hann hefði nokkrum sinnum látið spila hjá sér, síðan hann mætti fyrst í málinu. Lofaði hann jafnframt að láta það ekki koma fyrir oftár.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er fullsannað með játningu ákærða sjálfs, er studd er framburðum margra vitna, að hann hefur á árinu 1954 látið að staðaldri fara fram fjárhættuspil í húsnæði sínu á Laugavegi 28 og tekið sjálfur þátt í þeim og haft tekjur af þessari starfsemi sinni. Er hann þannig sannur að háttsemi, er varðar við 183. og 184. gr. laga nr. 19/1940. Með því að brot ákærða miðaði að fjárhagslegum ávinningi ber samkvæmt 2. mgr. 49. gr. hegningarlaga að dæma honum sekt auk refsivistar. Að þessu athuguðu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga og auk þess 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella komi í stað hennar fangelsi í 90 daga.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 800 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorsteinn Rútur Bjarnason, sæti fangelsi 60 daga. Hann greiði 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 90 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, 800 kr.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.